



Virðing - Samvinna - Velliðan



Kennsluáætlun Haust 2021

Íslenska 3. bekkur

Heildstæð móðurmálskennsla er afar mikilvæg. Áhersla er lögð á að vinna með alla þætti móðurmálsins, þ.e. hlustun, tal, lestur og ritun. Íslenskunámið þarf að vera sem fjölbreyttast og allir nemendur þurfa að fá verkefni í samræmi við þroska, hæfileika og áhuga. Allt miðar þetta að því að styrkja sjálfsöryggi og sjálfsmynd nemenda.

Dags.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
Haustönn ágúst - janúar	Lestur og lesskilningur.	Fjölbreytt lestrarefni í heimalestur og í skóla miðað við getu hvers og eins. Fræðibækur í tengslum við þemaverkefni Ljóð og sögur Bækur á bókasafni	-Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr - Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá sambhengi - Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess - Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju - Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap	Bein kennsla Einstaklingsvinna Paralestur Umræður Hugarkort; aðalatriði, aukaatriði. Heimildavinna Samvinna heimila og skóla.

	Lestur - hlustun/upplestur	<p>Lesrún 1</p> <p>Bækur á bókasafni: Teitur í heimi gulu dýranna. e. Sigrúnu Eldjárn.</p> <p>Lísa og galdrakarlínn í Þarnæstu götu. e. Guðmund Ólafsson</p> <p>Sossa sólskinsbarn e. Magneu frá Kleifum</p> <p>Bróðir minn ljónshjarta e. Astrid Lindgren</p>	<p>- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings</p> <p>- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi</p>	<p>Kennari les fjölbreytt efni, útskýrir orð og orðatiltæki, spyr og stýrir umræðum um efni bóka, kynnir rithöfunda og ýtir undir áhuga á lestri</p> <p>Námsmat, stöðluð próf (Lesfimi) að hausti og í annarlok</p>
Ágúst- jan.	Skrift	Skrift 3	- að nemandi dragi rétt til stafs og skrifti skýrt og læsilega	<p>Skipulagðir skriftartímar vikulega. Þá er farið í stafdrætti hvers bókstafs, nemendur skrifa texta sem kennari skoðar jafnóðum.</p> <p>Lögð er áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs þegar þeir skrifa utan skriftartímanna.</p> <p>Námsmat. -símat -skrifa skýrt og læsilega</p>
Ágúst-sept	Íslenska: Dýr í náttúru Íslands. Heimildavinna, ritun, hugarkort, nafnorð	Lesflokkurinn Á milli himins og jarðar: Ánamaðkar Köngulær	- aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi	Nemendur skrifa um vettvangsferðir og vinna úr heimildum um smádýr í íslenskri náttúru. Frjáls sögugerð og upplestur þeirra.

	<p>Lestur/lesskilningur</p> <p>Sögugerð frá eigin brjósti. Hugarkort; aðalatriði og aukaatriði. Stór og lítill stafur.</p> <p>Nafnorð tengd nærumhverfi barnanna.</p>	<p>Humlur</p> <p>Ritrún 2 Lesrún Sögubók Úrklippubók</p>	<p>- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi</p> <p>- skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda</p> <p>- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi</p> <p>- nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis</p> <p>- gert sér grein fyrir hlutverki nafnorða</p>	<p>Unnið með texta og hugarkort. Nemendur greina aðalatriði frá aukaatriðum.</p> <p>Námsmat. Virgni í tímum. Símat: - geti samið og skrifað samfelldan texta með upphafi meginmáli og endi. - geti flutt/lesið eigin texta fyrir félagasína, útskýrt og svarað spurningum.</p>
október	<p>Ritun, málfræði, lestur/lesskilningur, stafsetning</p> <p>Uppbygging texta. Skrifa bréf</p> <p>Nafnorð Lýsingarorð</p>	<p>Ritrún 2 bls. 4-9 Lesrún bls. 8-13</p> <p>Bækur af bókasafni</p> <p>Myndbönd.</p> <p>Skrifspjöld og tússpennar.</p>	<p>- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi</p> <p>- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð</p> <p>- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða</p>	<p>Bein kennsla Samvinna og paralestur. Samþætting Leiðsagnarnám Útikennsla</p> <p>Skoða uppbyggingu texta; upphaf, hvað gerist (meginmál) og niðurlag.</p> <p>Að vera strandaglópur á eyðieyju. Skrifa flöskuskeyti í tengslum við fjöruferð/ útikennslu.</p>

			<p>- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi</p>	<p>Beina athygli nemenda að litlum og stórum staf, orðabili, einföldum og tvöföldum samhljóðum o.fl.</p> <p>Lýsingarorð. Unnið með lýsingarorð í tengslum við skynjun (sjón, heyrn, tilfinningar). Áhersla á skynjun í útikennslu. Leikræn tjáning og spil.</p> <p>Námsmat. Virgni í tímum. Símat. - geti samið og skrifað samfelldan texta með upphafi meginmáli og endi. - kann skil á og getur beitt nafnorðum og lýsingarorðum í textum og töluðu máli.</p>
Nóvember	<p>Ritun, málfræði, stafsetning, lestur/lesskilningur</p> <p>Heimildavinna</p> <p>Ritun. Upphaf, meginmál og niðurlag</p> <p>Málgreinar</p> <p>Sagnorð</p>	<p>Komdu og skoðaðu Himingeiminn</p> <p>Lesrún bls. 16 - 23 - um geimverur</p> <p>Fræðibækur af bókasafni</p> <p>Sóknarskrift</p> <p>Ritrún 2 bls. 10 - 17</p>	<p>- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi</p> <p>- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi</p> <p>- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi</p> <p>- búið til málgreinar og ráðið við að greina málgreinar í eigin texta</p>	<p>Sambætting við náttúrufræði, þemaverkefni um himingeiminn. Heimildavinna og ritun. Leiðsagnarnám</p> <p>Sögugerð: hugarkort, uppkast, hreinritun.</p> <p>Sóknarskrift, hreinritun texta sem nemendur fela og sækja til að skrifa niður í stílabók.</p> <p>Sagnorð í tengslum við nærumhverfi barnanna s.s. heimili, dýr, liti. Leikræn</p>

				<p>tjáning og spil.</p> <p>Námsmat. Símat, virkni í tímum.</p> <p>Áhersla á að nemandi geti beitt málfræði- hugtökum og sé fær um að nýta þá leikni í rituðu máli miðað við aldurssvarandi viðmið</p>
Desember	<p>Jólin Sögur og ævintýri Ljóð Yndislestur Heimildavinna Ritun</p>	<p>Jólasveinaljóð Jóhannesar úr Kötlum</p> <p>Sögur og ævintýri tengdar jólum og jólavefðum.</p> <p>Kynning á nýjum bókum og höfundum þeirra í aðdraganda jóla.</p>	<p>- lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum</p> <p>- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi</p> <p>- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi</p>	<p>Heimildavinna og bókagerð.</p> <p>Staðreyndaritun</p> <p>Leikir</p> <p>Söngvar og ljóð.</p> <p>Námsmat. Bók metin.</p>
4. - 14. janúar	<p>Lestur, stafsetning, ritun.</p> <p>Árið, mánuðir, vikudagar.</p> <p>Ljóð Dagbók</p>	<p>Ritrún 2 bls. 18 - 23</p> <p>Sögur og ævintýri tengd tíma.</p> <p>Sóknarskrift</p>	<p>- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð</p> <p>Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum</p>	<p>Bein kennsla Einstaklingsvinna Paralestur Umræður</p> <p>Sóknarskrift</p> <p>Nemendur skrifa dagbók í eina viku.</p>

	Atburðarás		<ul style="list-style-type: none">- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi	Áhersla á fjölbreytileika ársins. Námsmat. Símat
--	------------	--	---	---

Dags.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
23.8.-3.9.	Upplýsingar og tölfraði. Safna upplýsingum, skrá og sýna gögn með talnastríkjum, í töflum eða súluritum. Búa til kannanir. Talning og samanburður.	Sproti 3A-nemendabók/ æfingabók	- geta safnað saman og flokkað einföld gögn í viðeigandi flokka. - geta sett upplýsingar fram í töflu og lesið úr töflum og einföldum súluritum, útskýrt ferlið og dregið ályktanir. - tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.	Vettvangsferðir, rannsóknir/raunverkefni. Leikir og spil. Hlutbundin vinna. Bein kennsla. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Umræður. Námsmat, símat, virkni í tímum, kaflakönnun
6.9.-24.9.	Talnakerfið-þriggja stafa tölur. Skipta tölu upp í hundrað, tugi og einingar. Telja upp í 1000. Merking og mikilvægi tölustafsins 0. Staðsetja tölur á talnalínu. Bera saman tölur. Tengsl milli gildis tölustafa og þess sætis sem þeir eru í.	Sproti 3A-nemendabók/ æfingabók Sætisgildiskubbar, kennslupeningar og spil	- sýna skilning á uppbyggingu tugakerfis hvað varðar einingar, tugi, hundruð og þúsund.	Hlutbundin vinna/ áþreyfanlegir hlutir: Sætisgildiskubbar, kennslu- peningar, spil, talnalína... Umræður. Bein kennsla. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Námsmat, símat, virkni í tímum, kaflakönnun
27.9.-15.10.	Fjölbreyttar mælingar-lengd og þyngd.	Sproti 3A-nemendabók/ æfingabók	- nemandi hafi skilning á hugtökunum cm og m og geri sér grein fyrir muninum á	Vettvangsferðir, útikennsla. Mælingar, breyta metrum í sentimetra og öfugt. Málband og

	<p>Að staðsetja tölur á talnalínu. Að breyta sentimetrum í metra og öfugt. Kílógramm og gramm Samlagning þriggja stafa talna. Frádráttur þriggja stafa talna.</p>	<p>Ýmis mælitæki</p>	<p>lengdarmælingum og flatarmælingum. - nemandi hafi á valdi sínu muninn á fleiri ólíkum rúmfræðiformum og geti greint þau í sínu nánasta umhverfi. - nemandi sýnir hæfni í samlagningu og frádrætti talna upp í 1000. - sýnir skilning á því hvenær og hvernig eigi að nota þessar reikniaðgerðir. - - átti sig á samhenginu á milli samlagningar og margföldunar sem og einfaldri deilingu (skipta jafnt).</p>	<p>reglustikur. Þyngdarmælingar. Skálavog. ATH! Tengsl við heimilisfræði.</p> <p>Bein kennsla. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Umræður.</p> <p>Flokkun. Leikir. Spil.</p> <p>Námsmat, símat, virkni í tímum, kaflakönnun</p>
<p>18.10.- 29.10.</p>	<p>Tími - hefðbundin klukka og stafræn.</p> <p>Tíminn við mismunandi hversdagslegar aðstæður. Les af klukku: heilan tíma, hálfan og stundarfjórðung á skífuklukku og stafræna klukku. Skrá tíma. Mínútur sem mælieining. Fjöldi mín. í klukkust.</p>	<p>Sproti 3A-nemendabók/ æfingabók. Klukkubækur á bókasafni. Sögur þar sem tími spilar hlutverk.</p>	<p>Markmið sbr. talnavinna</p> <p>-áætlað og mælt tíma</p>	<p>Áþreyfanlegir hlutir: skífuklukkur og stafrænar klukkur.</p> <p>Tíminn í sögum og ævintýrum.</p> <p>Umræður. Bein kennsla. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna.</p> <p>Námsmat, símat, virkni í tímum, kaflakönnun</p>
<p>1.11.- 12.11.</p>	<p>Þrívíð form í umhverfinu.</p>	<p>Sproti 3A-nemendabók/</p>	<p>- notað og rannsakað hugtök úr rúmfræði, unnið með</p>	<p>Vettvangsferðir, útikennsla. Finna form utandyra og</p>

	<p>Eiginleikar og heiti þrívíðra forma. Að byggja og skoða teikningar.</p> <p>Hugtök: Flötur, horn, hliðarbrúnir, teningur, píramídi, kúla, sívalningur, keila, ferstrendingur, tvívídd, þrívídd, reitir, þekja.</p> <p>Einfaldir flatamáls- og rúmmálsútreikningar.</p> <p>Sjónarhorn.</p>	<p>æfingabók</p> <p>Áþreifanlegir hlutir. Þrívíð form og umbúðir.</p>	<p>rúmfræðilegar færslur, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu</p> <ul style="list-style-type: none"> - gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu - unnið með mælikvarða og lögun - áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða - borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar 	<p>innandyra. Ferð á listasafn.</p> <p>Áþreifanlegir hlutir: litlir og stórir kubbar, pinnar, rör, umbúðir, pappi, límbönd, stöðluð þrívíð form...</p> <p>Umræður. Bein kennsla. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Leikir</p> <p>Námsmat. Verkleg æfing, byggingar sem nemendur lýsa með viðeigandi orðaforða. Kafلاكönnun</p>
15.11.- 3.12.	<p>Margföldun- endurtekin samlagning</p> <p>Tví-, þrí-, fjór-, fimm- og sextaflan.</p> <p>Rannsaka margföldun við hversdagslegar aðstæður.</p>	<p>Sproti 3A- nemendabók/ æfingabók</p> <p>Kubbar</p>	<ul style="list-style-type: none"> - reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt - tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar- og margföldunar-dæmi - leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, 	<p>Bein kennsla. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna.</p> <p>Spil, leikir, fönður, bingó, margföldun í rúðuneti, rannsóknir á endurtekinni samlagningu með hlutum, teikningum og vasareiknum.</p> <p>Þrautir, þrautalausnir.</p>

	<p>Tengsl endurtekinnar samlagningar við margföldun.</p> <p>Að hoppa á talnalínu.</p> <p>Margföldun og rúðunet.</p>		<p>með hugarreikningi, vasareikni og skriflegum útreikningum</p>	<p>Búnaður: Kubbar, smáhlutir, teningar, kennslupeningar, spilastokkur, rúðunet, 50 og 100 töflur, talnalínur á gólfi, vasareiknar</p> <p>Námsmat, símat, virkni í tímum, geta nemenda til að segja frá og búa til þrautir um margföldun, kaflakönnun</p>
6.12.-16.12.	<p>Samhverfa-speglun</p> <p>Samhverfar myndir, finna spegilása.</p> <p>Búa til og lýsa rúmfræðilegum mynstrum.</p>	<p>Sproti 3A-nemendabók/ æfingabók</p> <p>Kubbar, speglar</p>	<p>- notað og rannsakað hugtök úr rúmfræði.</p> <p>- teiknað skýringarmyndir</p> <p>- speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn</p>	<p>Vettvangsferð. Skoða samhverfur og speglun í byggingum í nágrenni skólans.</p> <p>Umræður. Bein kennsla. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna.</p> <p>Föndur í tengslum við jólin, klippimyndir, kubbar, speglar o.s.frv.</p> <p>Námsmat, símat, virkni í tímum, frásagnir og útskýringar, kaflakönnun</p>
4.1.-14.1.	<p>Deiling: Sem jöfn skipting og endurtekin frádráttur</p>	<p>Sproti 3A-nemendabók/ æfingabók</p>	<p>- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna deilingardæmi</p>	<p>Umræður. Bein kennsla. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Þrautir og</p>

	<p>Tengsl margföldunar og deilingar.</p> <p>Tengsl við daglegt líf.</p> <p>Deiling í sömu tölu með mismunandi tölum.</p> <p>Deiling: jöfn skipting með afgangi.</p>		<p>- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, og skriflegum útreikningum</p>	<p>Þrautalausnir.</p> <p>Hjálpargögn. Kubbar, smáhlutasöfn, kennslupeningar.</p> <p>Búa til eigin dæmi.</p> <p>Heilabrot.</p> <p>Námsmat, símat, virkni í tímum, kaflakönnun</p>
--	---	--	--	--

Dags.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
Ágúst - september	Dýr í íslenskri náttúru. Ánamaðkar (30.9.-3. sept.) Köngulær (13.-17. sept.) Humlur (20.-24. sept.)	Bókaflokkurinn: Milli himins og jarðar: Ánamaðkar, Humlur og Köngulær. Fræðibækur af bókasafni. Heimildir af neti. Stækkunargler, ormabox, smádyr o.fl.	- Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum - Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi - Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga - Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og líffskilyrði lífvera í því - Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi - Útskýrt einkenni lífandi vera, skýrt með dæmum líffsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfið	Útikennsla Bein kennsla með aðstoð fræðslumynda. Leiðsagnarnám Samþætting við íslensku og myndmennt. Heimildavinna/ verkefnavinna. Paravinna, paralestur. Rannsóknir. Ritunarverkefni. Námsmat. Virkni í tímum s.s. umræðum og rannsóknnum. Verkefni metin.
Nóvember - janúar	Himingeimurinn - Reikistjörnurnar og sólkerfið - hreyfingar jarðar - áhrif sólarljóss á lífríki - skuggar	Komdu og skoðaðu Himingeiminn Fræðibækur af bókasafni. Heimildir og fræðsluefni af neti.	- Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum - Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi	Samþætt við myndmennt, íslensku og stærðfræði. Útlistunar- kennsla. Bein kennsla með aðstoð fræðslumynda, Umræður Leiðsagnarnám

	<ul style="list-style-type: none"> - áhrif sólar á árstíðarskipti - geimferðir og geimfarar - önnur fyrirbæri tengd viðfangsefninu. 		<ul style="list-style-type: none"> - Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess 	<p>Rannsóknir og tilraunir Heimildavinna/ verkefnavinna. Bókagerð Ritunarverkefni Leikræn tjáning Myndræn úrvinnsla</p> <p>Námsmat. Virkni í tímum s.s. í umræðum og rannsóknum. Verkefni metin.</p>
<p>ágúst - janúar 3. EIS</p>	<p>Efnafræði eldhússins</p> <ul style="list-style-type: none"> - breyting á efnum t.d. við hita - skynjun - fljóta, sökkva - leiðni - spírur kartöflu við mismunandi aðstæður - uppleysanleg efni og að aðskilja efni - að þekkja efni í sundur - rotnun - yfirborðs- spennu vatns - orkusparnaður/ rafmagnstæki - flokkun úrgangs 	<p>Komdu og skoðaðu Eldhúsið</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni. - Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim. - Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum. - Flokkað úrgang. 	<p>Samþætting við íslensku og stærðfræði.</p> <p>Samvinna. Umræður.</p> <p>Rannsóknir/ athuganir; tilgáta - prófa - niðurstaða.</p> <p>Búa til skýrslur.</p> <p>Ljóða- og sögugerð.</p> <p>Námsmat. Símat Virkni í tímum s.s. í umræðum og rannsóknum. Verkefni metin.</p>

Dags.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðið	Kennsluhættir og námsmat.
ágúst - janúar	<p>Unnið með orðaforða:</p> <p>Að heilsa, kynna sig og kveðja</p> <p>Tölur frá 1 - 20</p> <p>Fjölskyldan</p> <p>Skólinn</p> <p>Litirnir</p> <p>Dýr</p> <p>Líkaminn</p>	Let's learn and play. Enska fyrir 1.-4. bekk	<p>- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum</p> <p>-Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.</p>	<p>30 mínútur á viku</p> <p>Leikir í heimakrók</p> <p>Söngvar</p> <p>Myndbönd</p> <p>Þáttökukennsla</p> <p>Bókagerð, föndur, teikningar, ritun...</p> <p>Unnið með miklar endurtekningar</p> <p>Námsmat. Símat, þátttaka, virkni og verkefnabók</p>

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
Lotur Þrískipting 12 vikur 12x 40 mín		Efniviður úr nærumhverfi og smíðastofu. Öryggisbúnaður, verkfæri, yfirborðsefni og önnur áhöld tengd greininni.	Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að sýna umhverfi nærgætni og virðingu Við lok lotu á nemandi að geta:	Kennsluhættir eru með fjölbreyttum sniðum en snúa fyrst og fremst að því að nemendur öðlist frekari hæfni í notkun einfaldra verkfæra og efniviðs. Nemendur fá þjálfun að nota einföld verkfæri og er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og frágang með sandpappír og þjölum. Eins munu nemendur læra ábyrga og snyrtilega hegðun innan smíðastofunnar þar sem öryggisreglum skal ávallt fylgja. Námsmat er sameiginlegt með öðrum list- og verkgreinum en mun vera metið innan smíðastofunnar út frá verkefnum nemenda, frágangi og hegðun innan stofunnar. Námsmat kennara byggist á vinnubrögðum, umgengni og virkni nemanda.
1 vika - 3 vika	Segull <ul style="list-style-type: none"> Nemendur öðlast skilning á hugtakinu grunnform og læra að nýta sér þau í hugmyndavinnu og hönnun. Einstaklingsmiðað hönnunarferli Færni í notkun sandpappírs, vandaður frágangur Yfirborðsmeðferð 		- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar - unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit - framkvæmt einfaldar samsetningar - beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaða	
4 vika - 5 vika	Hljóðfæragerð <ul style="list-style-type: none"> Hugtakið endurvinnsla skoðað og farið yfir hvernig hægt sé að nýta endurunnin hráefni í hljóðfæragerð. Nemendur fá að nota hugmyndaflugið og nokkuð frjálst val hvaða 			

	<p>hráefni þau vilja nýta sér út frá því hráefni sem kennari mun hafa til staðar hverju sinni..</p> <ul style="list-style-type: none"> • Málað og skreytt 			
5.vika - 6 vika	<p>Vináttuverkefni</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sameiginlegt verkefni í öllum árgöngum sem snýr að eineltis forvörnum og vináttu. • Sameiginlegt listaverk mun hanga í almannarými skólans. 			
7 vika - 9 vika	<p>Broddgöltur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nemendur fá viðarkubb sem þau þurfa að pússa og vanda frágang • Nemendur fá kennslu í meðhöndlun hamars og negla í viðarkubbinn. • Yfirborðsmeðferð og skreyting 			
10 vika - 12 vika	<p>Hönnun og leir</p> <ul style="list-style-type: none"> • Einstaklingsmiðað hönnunarferli • Æfing í að færa hlut úr tvívídd yfir í þrívídd 			

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
<p>Lotur Þrískipting 12 vikur 12x 40 mín</p>	<p>Verkefnin eru ekki unnin í ákveðinni fyrirfram ákveðinni röð. Kennari metur röðina og áherslur í verkefnunum samhliða því sem hann kynnist nemendahópnum hverju sinni.</p>	<p>Efni og áhöld í textílstofunni. Fjölbreyttar upplýsingar á ýmsu formi sem kennari sækir vítt og breitt til að útskýra efni og veita nemendum innblástur.</p>	<p>Við lok lotu á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> - notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum - unnið úr nokkrum gerðum textílefna - unnið eftir einföldum leiðbeiningum - tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu - skreytt textílvinnu á einfaldan hátt - gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni - leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum - sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt - sagt frá nokkrum tegundum textílefna - fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna 	<p>Stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti í textílnáminu, með það að markmiði að nemendur prófi fjölbreyttar aðferðir, kynnist ólíkum textílmíðlum, og læri að tileinka sér skapandi og gagnrýna hugsun við verkefnavinnu sína.</p> <p>Námsmat kennara byggist á viðmóti, vinnubrögðum, umgengni og virkni nemanda í tímum.</p> <p>Í lok hvers tíma tekur kennari mynd af afrakstri tímans og setur í möppu nemandans á</p>

			- notað ný og endurunnin efni í textílvinnu	vefsíðunni SeeSaw og er hugsuð sem rafræn ferilmappa sem fylgir nemandanum í textíl.
1.-3.bekkur	<p>Vefnaður og flétta.</p> <p>Nemendur velja úr litríkum böndum til að vefa í forvafða uppistöðu á spjaldi. Nemendur klára að vefa í uppistöðuna öðrum megin á spjaldinu.</p> <p>Nemendur læra að flétta úr 3 böndum.</p> <p>Nemendur gera lítið myndverk úr vefstykkinu og flétta band til að hengja verkið upp með.</p>			
1.-3.bekkur	<p>Þræðir og bönd.</p> <p>Nemendur læra ýmsa tækni við að vinna með bönd og þræði. Þau læra að snúa band í snúrur, að flétta bönd, vefja þeim utanum prik, að hnýta þau og að binda slaufur.</p> <p>Nemendur búa til lítinn nytjahlut, ss. lyklakippu, úr uppáhalds þráða</p>			

	og banda aðferðunum sem þau læra.			
1.-3.bekkur	<p>Útsaumur, hefðbundinn og óhefðbundinn</p> <p>Ýmsar tegundir hefðbundins og óhefðbundins útsaums skoðaðar og prófaðar. Nemendur prófa að sauma bæði út í java efni og önnur efni til samanburðar. Nemendur prófa að vinna með ýmsa fundna hluti og sauma þá með útsaumnum á efnin í tilraunaskyni.</p> <p>Nemendur gera frjálst útsaumsverk með áhuga sinn, profugerð og tilraunastarfssemi að leiðarljósi.</p>			
1.-3.bekkur	<p>Filtmyndir</p> <p>Litrík mynd klippt út úr filtefni og sett á filtgrunn, kennari leggur fyrir nemendur þema fyrir myndagerðina.</p> <p>Myndin fest á grunninn með handsaumi.</p>			
1.-3.bekkur	Hveitibatik			

	<p>Nemendur teikna mynd á blað og læra svo að yfirfæra myndina á efni. Nemendur teikna í myndina á efninu með hveitikvoðu og mála á efnið með textílmálningu.</p>			
	<p>Ýmis örverkefni</p> <p>Sett er fyrir nemendur af og til örverkefni sem kynna fyrir þeim og þjálfar þau í einfaldri textíl tækni og byrjunina á hönnunarhugsun. Verkefnin eru gripin á lofti eftir því sem kennara finnst þau eiga við hverju sinni.</p> <p>Tæknina býðst nemendum að nýta og blanda inn í önnur verkefni ef þeim finnst það spennandi.</p>			

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
Ágúst til Júní	Línudans Samkvæmisd. Þjóðdans Freestyle Leikir og spuni	Tónlist Leikir	Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama. Dansað einföld hreyfimyndur og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum. Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara. Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur.	Útskýring og sýnikennsla á sporum Þjálfunaraðferðir með mismunandi hætti Unnið í gegnum dans og leik

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
24.8.-10.6.	<p>Söngur, áframhaldandi taktþjálfun, nótur og Solfa-kerfið (Do, Re, Mí o.s.frv) rifjað upp.</p> <p>Byggt ofan á fyrri þekkingu á hugtökum í tónfræði sem tengjast m.a. hraða, styrk, lengdargildum, tónhæð, lengdargildum og tónskólum.</p> <p>Unnið með atkvæði og hryn .</p> <p>Unnið með sköpun, textar, laglína og hrynur.</p> <p>Unnið með handhljóðfæri og nemendur kynnst einnig stafspilum (xylophone) eftir áramót.</p>	<p>Leikir og æfingar sem þjálfar samvinnu, hryn, púls, tónvitund, hlustun og eftirtekt.</p> <p>Sönglög sem eru fengin úr hinum ýmsu nótnaheftum og af netinu.</p> <p>Ýmsar netveitur eru notaðar, s.s. Youtube og Spotify.</p> <p>Handhljóðfæri, s.s. trommur, þríhorn, hristur og stafir.</p> <p>Stafspil og klukkuspil (xylophone). Kennsluefnið <i>Það var lagið</i> og leikir, m.a. úr bókinni <i>Töfrakassinn-tónlistarleikir</i>. Nemendur skapa saman lag í þemanu <i>jól</i>.</p>	<p>Nemandi: Er virkur í samstarfi.</p> <p>Fylgir fyrirmælum og nýtir tímann vel.</p> <p>Nemandi getur: Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur hljóðfæri.</p> <p>Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.</p> <p>Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.</p>	<p>Nemendur fá að reyna á eigin skinni hvernig nótur, púls og hrynur virka, þ.e.a.s. líkamna efnið í ýmsum leikjum og verkefnum.</p> <p>Kennd verða lög með bergmálsaðferð (kennari syngur, síðan syngja nemendur) og farið verður í merkingu textans.</p> <p>Kennari leikur undir sönglög á píanó og ukulele.</p> <p>Nemendur skapa tónverk og texta í litlum hópum og bekkurinn sem heild.</p> <p>Kennari metur nemendur út frá þátttöku í tímum og frammistöðu í verkefnum.</p>